



- c. að afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Heimilt er að hækka hundraðshluta þennan í allt að tuttugu af hundraði þegar sérstaklega stendur á og allir safnráðsmenn eru því sammála. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
- d. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda, myndbanda, litskyggna og rita eða með öðrum þeim hætti er henta þykir og fé er veitt til í fjárlögum,
- e. að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost, aðgengilegan sérfræðingum og öðrum til fræði- og rannsóknastarfa. Skal í því skyni komið á fót við safnið sérfræðilegu bókasafni um myndlist samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,
- f. að efna til kynninga á verkum safnsins og starfsemi þess,
- g. að veita innlendum söfnum faglega ráðgjöf eftir föngum,
- h. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenska myndlist eftir því sem við verður komið.

### 3. gr.

Listasafnið skal opið á auglýstum tíma.

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum.

### 4. gr.

Menntamálaráðherra ræður forstöðumann safnsins til fimm ára í senn að fenginni umsögn safnráðs. Ráðinn skal maður með sérfræðilega menntun og staðgóða þekkingu á myndlist og rekstri listasafna. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti safnráðs mælir með endurráðningu.

Forstöðumaður er stjórnandi safnsins og mótar listræna stefnu þess í samráði við safnráð. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á verkum safnsins og sér um aðra venjulega starfsemi.

Laun forstöðumanns og annarra starfsmanna Listasafnsins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna. Við ákvörðun launa starfsmanna safnsins skal miðað við að þau séu sambærileg við laun starfsmanna annarra ríkissafna. Þó skal taka tillit til tímabundinnar ráðningar forstöðumanns við ákvörðun launa hans.

### 5. gr.

Menntamálaráðherra ræður nauðsynlegt starfslið að fengnum tillögum forstöðumanns þegar fé er veitt í því skyni á fjárlögum.

### 6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í safnráð.

Forstöðumaður á sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni, en menntamálaráðherra skipar fjóra aðra menn í safnráði til þriggja ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn úr hópi fastráðinna starfsmanna safnsins. Formann ráðsins skipar ráðherra og skal hann hafa til að bera sérfræðilega þekkingu á höfundarétti og góða almenna þekkingu á myndlist. Safnráðsmenn skipaða samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna má aðeins endurskipa einu sinni.

Ráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti.

Laun ráðsmanna greiðast úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk safnráðs er að hafa umsjón og eftirlit með starfsemi safnsins og annast önnur þau verkefni sem því eru falin sérstaklega í lögum þessum. Leita skal tillagna ráðsins um allar meiri háttar ákvarðanir er safnið varðar.

8. gr.

Sérstök innkaupanefnd annast kaup listaverka til safnsins. Forstöðumaður getur þó einn tekið ákvörðun um kaup erlendra listaverka þegar samráði við aðra nefndarmenn verður ekki við komið. Þá getur forstöðumaður ráðstafað allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa innlendra verka án afskipta nefndarinnar. Innkaupanefnd skal skipuð þremur mönnum, forstöðumanni safnsins og tveimur fulltrúum listamanna í safnráði. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála í innkaupanefnd. Verði ágreiningur um kaup listaverks milli forstöðumanns og annarra nefndarmanna skal skjóta málinu til safnráðs til endanlegrar ákvörðunar. Laun innkaupanefndarmanna greiðast úr ríkissjóði.

9. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.

10. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil að meiri hluti safnráðs og höfundur, sé hann á lífi, séu um það sammála.

11. gr.

Safnráð fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegar. Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk er það hefur þegið að gjöf. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

12. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt til að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Heimilt skal þó að setja á stofn sérstaka útlánadeild við safnið er sjái um útlán listaverka sem sérstaklega verði keypt eða gefin safninu í því skyni.

13. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum, við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu sem leiðir af ákvæðum 10. og 11. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum á vegum safnsins, en um lán verka á aðrar listsýningar gilda ákvæði 12. gr. Enn fremur hefur safnið rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálft. Til annarrar eftirgerðar eða útgáfu þarf samþykki höfundar. Höfundur á kröfu til þess að safnið heimili honum aðgang að verki hans til fjölföldunar og útgáfu en safnið á jafnan forgangsrétt til útgáfu þess að öðru jöfnu.

14. gr.

Menntamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í þeim reglum má m.a. kveða nánar á um starfshætti safnsins, svo sem deilda-skiptingu og önnur atriði varðandi starfsemi þess.

15. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Listasafn Íslands og skal aflafé sett í sérstakan sjóð og einkum varið til að kaupa eldri íslensk listaverk til safnsins. Fé þetta skal ekki dragast frá almennri fjárveitingu til safnsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 15/1969 og önnur lög er kunna að brjóta í bág við þessi lög.

#### *Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Um Listasafn Íslands gilda nú lög nr. 15 1. apríl 1969 en reynslan hefur sýnt að þörf er á að sníða af þeim ýmsa vankanta og færa þau til nútímahorfs, m.a. að því er varðar stjórn safnsins, tilnefningu í safnráð, ráðningartíma forstöðumanns, meðferð höfundaréttar á myndum sem safnið á og ýmis fleiri atriði.

Frumvarpið í endanlegri gerð sinni, sem það nú er lagt fram í, er að tilhlutan menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, samið af Knúti Hallssyni ráðuneytisstjóra, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni og Beru Nordal, forstöðumanni Listasafnsins. Áður hafði fjallað um málið sérstök nefnd skipuð af fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvari Gíslasyni, en í henni áttu sæti Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður, formaður, Dr. Selma heitin Jónsdóttir, Sigrún Guðjónsdóttir myndlistarkona, Jón Gunnar Árnason myndhöggvari og Jóhannes Jóhannesson listmálari. Sú nefnd hélt fjölmarga fundi og safnaði margvíslegum gögnum m.a. erlendis frá.

Í nefndinni náðist samstaða um tillögur til margvíslegra breytinga á gildandi löggjöf, en ágreiningur var um nokkur atriði.

Breytingar á gildandi lögum, sem felast í frumvarpi þessu, eru þessar helstar:

1. Lagt er til að löngu úrelt, flókið og óþjálmt kosningafyrirkomulag varðandi kosningu fulltrúa listamanna í safnráð verði lagt niður en í stað þess tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna í ráðið.
2. Ótímabundin ráðning forstöðumanns safnsins er lögð niður en tekin upp tímabundin ráðning hans á svipaðan hátt og gildir um ráðningu þjóðleikhússtjóra. Er þá gert ráð fyrir að forstöðumaður verði ráðinn til fimm ára en endurráða megi hann einu sinni til jafnlangs tíma.
3. Sérstök innkaupanefnd skipuð þremur mönnum úr safnráði annist um kaup á listaverkum til safnsins en forstöðumaður verði einn þeirra. Jafnframt hefur hann að vissu marki sjálfræði um slík kaup. Ákvörðun um val listaverka er nú í höndum safnráðs.
4. Æðsta stjórn safnsins verði eftir sem áður í höndum menntamálaráðuneytisins en stjórn þess verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.
5. Ákvæði laganna varðandi höfundarétt verði færð til nútímahorfs.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að safnið verði eftir sem áður eign íslenska ríkisins og undir æðstu yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Stjórn safnsins verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.

Um 2. gr.

Rétt er að skýrt komi fram að Listasafn Íslands sé meginsafn og miðstöð íslenskrar myndlistar og rannsókna í myndlistarefnum, þ.e. að safnið sé þjóðlistasafn með hliðstæðum hætti og Landsbókasafn er þjóðbókasafn.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er sú breyting frá gildandi lögum að ráðning forstöðumanns er tímabundin við skemmst fimm og mest tíu ár. Er þessu ákvæði m.a. ætlað að stuðla að frekari fjölbreytni og endurnýjun í starfsháttum og stefnumótun safnsins. Ótímabundin ráðning forstöðumanna stofnana af þessu tagi gæti verið til þess fallin að skapa stöðnun og fullmikinn ósveigjanleika.

Mjög mikilvægt er að við ákvörðun launa forstöðumanna meiri háttar ríkisstofnana sé tekið fyllsta tillit til þess ef um tímabundna ráðningu er að ræða eða forstöðumanni séð fyrir eins sambærilegu starfi og kostur er að ráðningartíma loknum eða með öðrum hætti verði reynt að koma til móts við það óhagræði sem skammtímaráðning kann að skapa fyrir starfsmanninn.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um skipan í safnráð. Sú grundvallarbreyting er gerð að óhæf eldri skipan um kosningar til safnráðs er afnumin, en í stað þess tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna í ráðið. Forstöðumaður verður áfram samkvæmt stöðu sinni í safnráði, en formaður ráðsins skal skipaður sérstaklega af ráðherra. Samkvæmt nügildandi lögum gegnir forstöðumaður jafnframt formennsku safnráðs. Verður að telja óeðlilegt og óviðeigandi að sami maður sé bæði forstöðumaður safnsins og formaður safnráðs og þannig yfirmaður sjálfs sín, en langalgengast er að forstöðumenn stofnana hafi einungis rétt til fundarsetu án atkvæðisréttar í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi í ráðið einn úr hópi fastráðinna starfsmanna og gengið út frá því að forstöðumaður sé hafður með í ráðum við val hans, en um þetta mætti reyndar setja nánari ákvæði í reglugerð.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að við val listaverka sé hafður á svipaður háttur og víða tíðkast í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi, að sérstök innkaupanefnd annist valið. Þó er gert ráð fyrir að vald forstöðumanns sé mikið í þeim efnum, þannig ræður hann kaupum erlendra listaverka og hefur heimild til að ráðstafa allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa á innlendum verkum án afskipta nefndarinnar. Þá hefur hann neitunarvald varðandi kaup og sker þá safnráð úr hvort kaupa skuli.

Um 9. og 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði um að gjafir til Listasafnsins séu frádráttarbærar til skatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, er sett til að taka af allan vafa í þessu efni.

Um 12. gr.

Hér er tekin upp sú meginregla að ekki megi lána listaverk safnsins. Þó er heimilt að lána verk á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Um það eru nú ákvæði í 25. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Það er nýmæli að gert er ráð fyrir að sérstakri útlánadeild er jafnframt kynni að geta annast farandsýningar. Hér er um eldri hugmynd að ræða sem vakin er aftur til lífsins, m.a. með tilliti til þess að Kjarvalshús á Seltjarnarnesi mun væntanlega verða rýmt á næstunni, en eigendur þess og umráðamenn eru safnið og menntamálaráðuneytið.

Um 13. gr.

Grein þessi, sem fjallar um réttarsambönd höfunda og safnsins að því er varðar listaverk í eigu þess, er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum en einstaka atriði fært til nútímahorfs. Safnið hefur skýlausan rétt til sýninga í safninu án sérstakra heimilda frá höfundum hverju sinni og án gjalds fyrir sýningarrétt. Um aðrar sýningar gilda almenn ákvæði höfundalaga. Safnið hefur rétt til eftirgerðar verka fyrir það sjálft, en til annarra eftirgerða þarf samþykki höfunda og er þar um nýmæli að ræða miðað við núgildandi lög um safnið. Enn fremur er það nýmæli að höfundar hafi rétt til aðgangs að verkum sínum til fjölföldunar og útgáfu. Í síðustu málsgrein er kveðið á um að safnið hafi forgangsrétt til útgáfu og geti þá gengið inn í útgáfusamning höfundar við aðra útgefendur með sömu skilmálum.

Um 13.–16. gr.

Parfnast ekki skýringa.